

Vilhjálmur Bergsson með eitt verkanna á sýningunni.

Vilhjálmur Bergsson opnar sýningu á Kjarvalsstöðum

VILHJÁLMUR Bergsson opnar sýningu á verkum sínum að Kjarvalsstöðum á morgun, laugardag. Sýningin ber yfirskriftina „Lífrænar víddir", en þar verða sýndar 65 myndir.

Vilhjálmur Bergsson er fæddur í Grindavík fyrir 35 árum rúmum. Hann nam myndlist m.a. í Kaupmannahöfn og Frakklandi á árunum 1958 til 1962.

Sýning Vilhjálms að Kjarvalsstöðum er tíunda einkasýningin hans, þar af hefur hann haldið þrjár einkasýningar á verkum sýnum í útlöndum. Að auki hefur hann tekið þátt í hátt í 20 samsýningum. Vilhjálmur á verk í mörgum söfnum hér heima og erlendis.

Sýningin að Kjarvalsstöðum stendur yfir til 1. maí næstkomandi.

List í þágu ljóðs og persónusköpunar

— eftir Þorvarð Helgason

Í LESBÓK Morgunblaðsins frá 26. mars 1983 birtist grein eftir Jón Óskar sem nefnist „Hvaðan fær draugurinn kraft sinn?" Ágæt grein, prýðis innlegg í umræðu sem daufheyrst er við á hinum æðri stöðum.

Samt er í grein þessari ein fullyrðing sem mér og fleirum þykir ekki standast. Undir lok greinarinnar minnist Jón Óskar á leikara og annarlegan hreim í röddum þeirra og nefnir þar Lárus heitinn Pálsson sem dæmi og nokkrum línum ofar Óskar Halldórsson sem dæmi um hið gagnstæða.

Um smekk er þarflaust að deila — en hér kemur meira til, Jón Óskar heyrir annarlegan hreim, útlendan — sem í viðkomandi tilfelli hlýtur að vera danskur því Lárus Pálsson lærði í Danmörku — í flutningi Lárusar Pálssonar.

Ég sem þetta bréf skrifa og fjöldinn allur af öðru fólki sem nýtur góðs flutnings á góðum texta hefur aldrei heyrt dönskuna eða annan óíslenskan hreim í lestri eða leik Lárusar Pálssonar. Hins ber að gæta að líklegt er að meðferð hans hafi stundum hljómað ókunnuglega í eyrum — en ekki af því hún væri óíslensk heldur af því flutningurinn var af svo miklum gæðum.

Lárus Pálsson var vel menntaður leikari, að vísu í öðru landi þar sem tal og beiting raddar eru önnur en hér, hann hefur því þurft að læra margt sem honum nýttist ekki hér heima — nema sem afstaða til viðfangsefnisins, þ.e. að fullnægja kröfunni um skýrt, hljómandi fallegt tal. En auðvitað lærði hann margt sem honum nýttist: að sveigja tjáningartæki sín, þar á meðal röddina og talið undir hlutverkið, láta blæ ljóðs, texta, persónu hljóma skýrlega í flutningi sínum. Í listrænum flutningi minnist ég þess ekki að hann segði nokkurn tíma orð hljómsins vegna, nei, líkaminn, röddin, sálarkrafturinn voru virkjuð í þágu persónusköpunarinnar eða ljóðsins sem hann fór með og úr varð fögur heild — hafi einhverjum fundist það annarlegt þá þeir um það.



Lárus Pálsson

Það er rétt sem Jón óskar segir að flutningur málsins í fjölmiðlum er oft illþolanlegur — en hann verður ekki bættur með því að reyna að sverta liðna meistara í flutningi tungunnar. Ég veit dæmi þess að ungt leiklistarfólk situr frá sér numið við viðtækin þegar flutt er útvarpsleikrit sem Lárus Pálsson leikur í.

Óskar Halldórsson sem Jón Óskar hælir var nemandi Lárusar Pálssonar og honum fannst allt hrós sem hann hlaut í raun bera meistara sínum.

Með þökk fyrir birtinguna.

Fokker-flugvél í vandræðum:

Aurbleyta gerði öryggisrofa óvirka

„ÞAÐ sem þarna hefur að öllum líkindum gerst er að bleyta og óhreinindi hafa komist í míkrórofa í hjólastellinu, sennilega í lendingu og flugtaki á Egilsstöðum," sagði Skúli Jón Sigurðarson hjá loftferðaeftirlitinu er hann var spurður hvað valdið hefði því að snúa varð Fokker-flugvél Flugleiða til Keflavíkur fyrir hugsanlega nauðlendingu, þar sem ljósmerki í flugstjórnarklefanum gáfu til kynna að nefhjól vélarinnar hefði ekki komið niður til fulls og læstst.

Fokker-flugvélin var í lækkun til Akureyrar frá Reykjavík þegar ljósmerki gáfu til kynna að ekki væri allt með felldu í nefhjólastellinu. Var flugvélinni snúið við til Keflavíkur fyrir hugsanlega nauðlendingu þar og almannavarnakerfi Keflavíkurflugvallar sett í gang, eins og venja er þegar atvik af þessu tagi verða.

Flugvélin hringsólaði yfir Keflavíkurflugvelli meðan reynt var að koma lagi á hlutina, en þegar hún var síðan um það bil að lenda sýndu aðvörunarljós að nefhjólið væri læst, og var þá hætt við lendingu og haldið til Reykjavíkur, en þá voru bremsuskilyrði á flugbrautunum þar orðin of léleg vegna snjókomu, og var því snúið til Keflavíkur á ný og lent þar. Flugstjóri var Sverrir Þórólfsson og flugmaður Ólafur Frostason.

„Flugvöllurinn á Egilsstöðum var eitt drullusvað, aðstæður buðu þessari hættu heim. Því miður hefur það oft gerst áður að óhreinindi og bleyta komast í öryggisrofana og valda þessari röskun. Útbúnaðurinn í nefhjólinu er svolítið viðkvæmur fyrir þessu. En sem betur fer var aldrei nein hætta á ferðum," sagði Skúli Jón.

Skúli Jón sagði að flugvélinni hefði verið flogið til Reykjavíkur í gærmorgun með hjólin niðri og ekkert hefði komið fram við skoðun er benti til annars en að bleyta og óhreinindi hefðu komist í rofana.

SÍMAR 21150-21370 SOLUSTJ. LARUS Þ VALDIMARS LOGM. JOH. ÞORÐARSON HDL

Til sölu og sýnis auk annarra eigna:

Steinhús í Vesturborginni

á ræktaðri lóð í **Skjólunum.** Grunnfl. um 100 fm með 4ra herb. íbúð á aðalhæð, hæðinni fylgir ris með þremur herb. ásamt snyrtingu og geymslu. Í kjallara er 2ja herb. séríbúð m.m. Bílskúr fylgir. **Teikningar á skrifstofunni. Nánari uppl. aðeins þar.**

Þurfum að útvega m.a.

Einbýlishús í borginni á einni hæð.
Raðhús eða einbýlishús í borginni.
Sérhæð í Hlíðum, Heimum eða Vesturbæ.
2ja—3ja, 4ra og 5 herb. íbúð í borginni og nágr.
Miklar útborganir, margir fjársterkir kaupendur.

Ný söluskrá heimsend.
Ný söluskrá alla daga.

ALMENNA FASTEIGNASALAN
LAUGAVEGI 18 SÍMAR 21150-21370



Að lokinni kakódrykkju.

Skíðagöngudagur á Skagaströnd

Skagaströnd, 3. apríl.

FÖSTUDAGINN langa gekkst umf. Fram á Skagaströnd fyrir skíðagöngudegi. Um tvær gönguleiðir var að velja. Sú lengri var um 8 km löng en sú styttri var um 3 km löng. Þátttaka í göngunni var allgóð þrátt fyrir óhagstætt veður. Á miðri gönguleiðinni hafði verið komið upp bækistöð og þar fengu allir þátttakendur heitt kakó og meðlæti. Áhugi á skíðagöngu sem fjölskyldutrimmi hefur aukist mjög á síðustu tveim árum hér á Skagaströnd og ekki dregur lofsvert framtak umf. Fram úr áhuganum. Að göngunni lokinni minnti formaður Fram, Lárus Ægir Guðmundsson, göngumenn á að skrá sig sem þátttakendur í skíðalandskeppni Norðurlandanna sem nú stendur yfir. ÓB.

Bústaðir
FASTEIGNASALA
28911
Laugav. 22 (inng. Klapparstíg)

Hraunbær
3ja herb. 90 fm íb. á 1. hæð. Bein sala. Verð 1100 þús.
Spóahólar
3ja herb. 90 fm íb. á 3ju hæð. Stórar suður svalir. Laus 1. okt. Ákv. sala.
Bergstaðastræti
4ra herb. 90 fm íb. Í sérlega vel tilhöfðu húsi. Sér inng. Ákv. sala. Laus. ca. 15. júlí. Verð 1,2 millj.
Seljabraut
4ra—5 herb. 117 fm íb. á 1. hæð. Þvottaherb. í íb. Eignin fæst eingöngu í skiptum f. 2ja herb. íb. Verð 1300—1350 þús.
Skipasund
115 fm hæð í þríbýlishúsi. Stór bílskúr. Nýtt litað gler í gluggum. Góð eign. Verð 1750—1800 þús.
Hulduland
135 fm íb. á 2. hæð í enda. 4 góð svefnherb., þvottur inn af eldhúsi. Bílskúr. Verð 2,2 millj. Einkasala.
Álfhólsvegur
160 fm parhús ásamt innb. bílskúr. Skilast tilb. að utan en fokhelt ástand að innan. Útihurð og gler komið. Stál á þak. Verð 1600 þús.
Höfum kaupendur að öllum gerðum og stærðum fasteigna.

Johann Davíðsson, sími 34619, Ágúst Guðmundsson, sími 41102
Helgi H. Jonsson, viðskiptafræðingur.